

Mál nr. 90/2007
M og
Vátryggingafélagið V h.f. v. A og B

Árekstur bifreiða á Hafnarbraut á Neskaupstað þ.14.11. 2006.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 30.4.2007 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 997/06
3. Lögregluskýrsla dags. 29.11.2006 ásamt ljósmyndum.
4. Bréf V dags. 8.1.2007, 3.5. og 14.5.2007.

Málsatvik.

Akstursskilyrðum er m.a. þannig lýst í lögregluskýrslu að það hafi verið hálka, þæfingur og snjóþekja. A var ekið vestur Hafnarbraut á um 50 km. hraða og B var bakkað út á Hafnarbrautina til austurs og var lögð á stað áfram vestur götuna og beygt inn að biðfreðastæði þegar árekstur varð milli A og B en A var að aka fram úr B hægra megin. Ökumaður A segist hafa séð B og ætlað að aka fram úr hægra megin en þá hafi hann séð að B var beygt til hægri í veg fyrir A og hafi honum ekki tekist að afstýra árekstri. Ökumaður B segist hafa ætlað að beygja inn á bifreiðastæði og gefið stefnuljós og ekki séð A fyrr en árekstur varð.

Álit.

Ökumaður A ók ekki miðað við aðstæður og ber sök á árekstrinum. Ökumaður B þykir ekki hafa gætt nægjanlegrar varkárni við aksturinn og ber því líka sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu þykir rétt að hvor ökumaðu beri helming sakar.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 29.5. 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.